HÖFÐI
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson
Lögg.fast.

Ásmundur Skeggjason
Lögg.fast.

Brynjar Baldursson
Sölufulltrúi

Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Sölufulltrúi

Kristinn Tómasson
Lögg.fast.

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

9. tölublað
7. árgangur

VESTFIRÐIR

— 21. JÚNÍ 2018 —

Knattspyrna á Hrafnseyri

Þessi óborganlega mynd af hátíðargestum á Hrafnseyri í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins var tekin þegar gestir horfðu á landsleik Íslands og Argentínu. Myndin er tekin á því augnabliki þegar Hannes Halldórsson er að verja vítaspyrnu Lionel Messi. Á fremsta bekk má sjá forseta Íslands, forsætisráðherra og fyrrverandi forseta Alþingis. Ísfirðingurinn Ólafur Bjarni Halldórsson er fyrstur að átta sig og er staðinn á fætur í miklum fögnuði. Mynd fengin af Visit Westfjords.

Samherji – skriflegt loforð

Vina- og fjölskylduvæðing

Forsetinn á Hrafnseyri

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

VERK VEST
Virkt afl á vinnumarkaði
Upplýsingar um kjaramál á verkvest.is

ÍSRÖR
Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR
- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar
- PexElextra sveiganlegri plaströr
- Pexfittings og samsetningar
Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR
Nýtt hjá ÍSRÖR
Bjóðum nú kaldavatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings
Bjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE
Líklega besta verðið
Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is

Frystigámar / Sala og leiga 10 / 20 og 40 ft.
Seljum einnig og leigjum gámahús, geymslugáma og salernishús í ýmsum stærðum og gerðum. Fjöldi sérlausna í boði, sniðnar að þörfum hvers og eins viðskiptavinar.

Hafðu samband 568 0100

Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði
www.stolpigamar.is

FÁLKAORÐAN FLYTUR SUÐUR

Fjórtan fengu þann 17. júní sl. heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Allri eru þeir búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Á nýársdag voru 12 Íslendingar sæmdir fálkaorðunni. Tíu þeirra eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Einn orðuhafi er í Reykjanesbæ og annar á Selfossi. Samtals hafa 26 fengið fálkaorðuna á árinu og 24 þeirra eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Það eru einkum störf að listum og menningu sem heiðrað er fyrir.

Í orðunefnd sitja sex manns og eru fimm þeirra skipaðir samkvæmt tillögu forsætisráðherra:

- Guðni Ágústsson, fv. ráðherra, formaður
- Ellert B. Schram, fv. alþingismaður og fv. forseti ÍSÍ
- Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar
- Jón Egill Egilsson, fv. sendiherra
- Svanfríður Jónasdóttir, fv. bæjarstjóri og fv. alþingismaður
- Sá sjötti er Örnólfur Thorsson, orðuritari.

Þess hefur vandlega verið gætt að fullt jarðræði sé milli kynja við úthlutun orðunnar. Á nýjarsdag fengu 6 konur og 6 karlar orðuna og nú voru það 7 Íslendingar af hvoru kyni sem voru heiðraðir.

Á síðasta ári voru einnig samtals 26 einstaklingar sem fengu fálkaorðuna við athöfn á nýársdag og á þjóðhátíðardaginn. Jafnmargir voru heiðraðir af hvoru kyni eða 13. Af þessum 26 voru 23 búsettir á höfuðborgarsvæðinu og 3 utan þess.

Samanlagt á tveggja ára tímabili hafa verið veittar 52 orður á þessum tyllidögum, nýársdegi og þjóðhátíðardeginum. Tuttugu og sex karlar og jafnmargar konur fengu orðu. Kynjajafnréttið er fullkomlega jafnt. Hins vegar þegar litið er yfir þjóðfélagið þá eru aðeins 5 einstaklingar búsettir utan höfuðborgarsvæðisins og heiðraðir fyrir störf sín en 47 orðuhafar eru búsettir innan þess.

Tveir af þessum fimm landsbyggðarmönnum eru búsettir við Eyjafjörð, einn í Suðursveit, annar á Selfossi og sá síðasti í Reykjanesbæ. Engin orðuhafi býr á Vesturlandi eða á Vestfjörðum.

Reynt var að flokka þessa 52 orðuhafa eftir starfi eða verkum sem tiltekin eru. Aðeins 2 eru heiðraðir vegna starfa í heimabyggð eins og það heitir, einn fékk orðuna vegna starfa við landbúnað, tveir vegna starfa við landhelgisgæslu, þrír vegna opinberra starfa, 5 vegna starfa að vísindum, 11 vegna starfa að fátækt, heilsuvernd og félagsmála og hvorki meira né minna en 28, rúmlega helmingur allra orðuhafanna 2017 og 2018, fengu orðuna vegna starfa að listum, menningu eða fjölmiðlum.

Mynd: Ljósmynd: Gunnar G. Vigfússon

Hvernig orðunefnd kemst að því að listmálarar, leikarar o.s.frv. í Reykjavík séu framúrskarandi fólk, en enginn sjómaður eða bóndi, að ekki sé talaða um listamennina sem búa á landsbyggðinni er hulin ráðgáta.

Þar sem hægt er að ákveða fyrirfram dreifingu orðunnar eftir kyni er auðvitað líka hægt að ákveða dreifingu eftir öðrum mælikvörðum eins og eðli starfs og starfsvettvangi. Það er að minnsta kosti engin rök fyrir því að útiloka þriðjung þjóðarinnar vegna þess hvar hún vinnur sín verk.

Fánasmiðjan

Fánar, fánastangir og aukahlutir

Nú er rétti tíminn til að koma fánamálunum í gott stand.

s:5772020

Til sölu

Notuð pallhýsi verð frá 650.000 kr m/vsk
Passar bæði á ameríska og japanska pallbíla
Nánari upplýsingar á: pallhysi.is eða í síma 849-2220

Vesturbyggð:

Ráðningarsamningurinn aldrei samþykktur

Þegar Ásthildur Sturludóttir, fyrrverandi bæjarstjóri í Vesturbyggð var endurráðin eftir kosningarnar 2014 var ráðningarsamningurinn við hana hvorki lagður fram né samþykktur. Þetta má ráða af svörum Þóris Sveinssonar, fjármálastjóra Vesturbyggðar.

Þóri og Ásthildi Sturludóttur bæjarstjóra var send fyrirspurn 20. maí þar sem meðal annars var spurt að því hvenær „var ráðningarsamningur við bæjarstjóra með ákvæðum um kaup og kjör lagður fram og samþykktur í bæjarstjórn?“. Ásthildur vísaði á Þóri Sveinsson til svara og hann svaraði á eftirfarandi hátt: „Ráðningarsamningur við bæjarstjóra er frá júní 2014 og ráðning hennar staðfest á 273.fundi bæjarstjórnar 18.júní 2014 undir 4.tölul. dagskrár.“

Á þeim fundi bæjarstjórnar er aðeins bókað: „Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkir að ráða Ásthildi Sturludóttur sem bæjarstjóra Vesturbyggðar frá upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar.“ og hvergi getið um ráðningarsamninginn.

Var af þeim sökum ítrekuð fyrir skömmu beiðnin um að fá svör við því hvenær ráðningarsamningur við bæjarstjórann með ákvæðum um kaup og kjör hafi verið lagður fram og samþykktur. Þórir Sveinsson, fjármálastjóri svaraði þá því til að hann gerði ráð fyrir því að samningurinn hafi verið lagður fram til kynningar á fundinum 18. júní 2014 en sjálfur hefði hann ekki verið á fundinum og ekki ritað fundargerð og gæti því ekkert fullyrt um það mál heldur aðeins ályktað. Gerði B. Sveinsdóttur, starfandi bæjarstjóra, var sent afrit af fyrirspurninni og svörunum og hún hefur ekki brugðist við.

Við athugun á fundargerðum bæjarráðs og bæjarstjórnar á síðasta kjörtímabili frá 2014 – 2018 verður ekki séð að ráðningarsamningur við fyrrverandi bæjarstjóra hafi verið ræddur, lagður fram eða samþykktur.

Samherji:

Loforðið var skriflegt

Fyrir rúmum 11 árum sameinuðust hlutafélögin Hrönn hf sem gerði út Guðbjörguna ÍS og Samherji. Þá sagði forstjóri Samherja Þorsteinn Már Baldvinsson í Ríkisútvarpinu að Ísfirðingar þyrftu ekki að óttast að breytingin myndi draga úr umsvifum á Ísafirði og lét þau orð falla að Guðbjörgin yrði áfram gul, hún yrði áfram ÍS og að hún yrði áfram gerð út frá Ísafirði. Annað kom á daginn áður en langt var um liðið og öll fyrirheitin þrjú brugðust.

FRÉTTATILKYNNING.

Hluthafar Samherja h.f., Akureyri og Hrannar h.f., Ísafirði hafa undirritað samkomulag um að samelna þessi sjávarútvegsfyrirtæki. Samkomulag er um að útgerð Guðbjargar ÍS verði óbreytt frá því sem verið hefur á Ísafirði

Reykjavík, 7. janúar 1997

Fh. Samherja h.f. Fh. Hrannar h.f.

Nú hefur fengist staðfest það sem Ásgeir heitinn Guðbjartsson sagði að Þorsteinn Már gaf eigendum Hrannar hf loforð og það sem meira er að loforðið er skriflegt. Skjalið er enn til og birtist hér afrit af því. Þorsteinn Már Baldvinsson gerði meira en að ganga á bak orða sinna, hann vanefndi skriflega yfirlýsingu sína.

PARKET & GÓLF

- gerir hús að heimili

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.pog.is

LEIÐARI

Frelsi og sjálfstæði

Frelsi og sjálfstæði eru óaðskiljanleg hugtök hvort sem litið er til stöðu þjóðar eða einstaklinga. Frelsið án sjálfstæðis er ekkert frelsi og sjálfstæði án frelsis er ekkert sjálfstæði. Jón Sigurðsson, forseti gerði sér þetta ljóst og gerði baráttu fyrir fríverslun að aðalbaráttumáli. Strax 1845 á sínu fyrsta þingi fær hann Alþingi til þess að samþykkja erindi til kóngsins um verslunarfrelsi og síðan á hverju þingi þar til til danska þingið samþykkti fríverslun. Frjáls verslun innanlands og við útlönd var forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.

Verslunarfrelsið 1855

Verslunarfrelsið frá 1855 gjörbreytti aðstæðum og efnahag landsmanna. Menn gátu valið sér að vild verslun og stofnað til viðskipta við erlenda aðila. Íslendingar voru ekki lengur skyldugir til þess að versla við handvalda danska leyfishafa sem nýttu sér aðstöðuna til þess að ákvarða verðið fyrir vörurnar og gerðu það auðvitað á þann hátt að innlend framleiðsla var verðlögð lágt en erlend og innflutt vara verðlögð hátt. Sérleyfafyrirkomulagið þyddi þá og gerir enn að fáir útvaldir gera upptæk í sína þágu verðmæti sem með réttu eru í eigu þeirra sem neyddir eru til viðskipta. Þetta þýðir einfaldlega lífskjaraskerðing almennings. Þetta gerði Jón Sigurðsson sér ljóst og hann vissi að leiðin til þess að bæta lífskjör almennings lá í gegnum frelsi til viðskipta.

Utanríkisverslun 50% af landsframleiðslu

Landið er harðbýlt og nútíma velferðarþjóðfélag þrífst ekki nema fyrir mikinn innflutning á nauðsynlegum vörum og þjónustu. Utanríkisviðskipti Íslendinga eru meðal þess mesta sem um getur eða um 50% af árlegri landsframleiðslu. Auðlindir landsins til sjávar og í fallvötnum gefa af sér útflutta vörur í þeim mæli að dugar fyrir kostnaði við innfluttar nauðsynjar. Almennt viðskiptafrelsi í heiminum hefur farið vaxandi síðustu áratugi og hefur sama gildi fyrir þróun lífskjara og var á dögum Jóns Sigurðssonar. Afturkippur í milliríkjaviðskiptafrelsi skaðar allar þjóðir og skerðir lífskjör, en sýnu mest eiga Íslendingar undir því að það takist að vinna bug á þeim kröftum sem um þessar mundir boða höft, tolla og refsiaðgerðir. Líklega má fullyrða að hvergi í Evrópu á síðustu 100 árum hafi verið stigin viðlíka risaskref til framfara í nokkru þjóðfélagi og því íslenska. þá var Ísland eitt það snauðasta af öllum gæðum og innri uppbyggingu en er nú komið í fremstu röð. Frelsið til framleiðslu, viðskipta og almennt til athafna er forsendan fyrir sjálfstæðu þjóðfélagi.

Hugmyndirnar koma að utan

Hreyfiaflið í þjóðfélaginu, allt frá kyrrstæðu bændaskipulaginu á 19. öld, hafa verið hugmyndir, þekking og kunnátta sem borist hefur til landsins að utan. Sjálfstæðisbaráttan spratt upp úr þjóðfélagsumróti og byltingu borgarastéttarinnar í Evrópu upp úr 1830. Krafan um persónubundin réttindi og frelsi einstaklingsins, svo sem kosningaréttur og réttur til þess að velja sér starf og búsetu barst til landsins með vindum sunnan úr Evrópu í gegnum Fjölnismenn og Jón Sigurðsson. Ísland er fámennt land og hefur ávallt verið kyrfilega bundið fast í skipulag helstu hagsmunaaðila á hverjum tíma. Erlendir straumar hafa reynst almenningi vel til þess að auka sjálfstæði hvers einstaklings um kjör sín og daglegt líf.

EES bindur hagsmunaaðila

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er örugglega brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar um bann við framsali á valdi til erlendra yfirþjóðlegra stofnana, en samningurinn hefur gjörbreytt þjóðfélaginu til hins betra á þeim 25 árum sem liðin eru síðan hann var samþykktur. Samningurinn hefur neytt Íslendinga til þess að breyta leikreglum þjóðfélagsins í mörgum efnum á þann veg að auka réttindi almennings og neytenda að ekki sé minnst á löggjöf á vinnumarkaði. Margar breytinganna hefðu örugglega aldrei verið samþykktar án EES samningsins, vegna þeirrar sterku stöðu sem innlendir hagsmunaaðilar í viðskiptalífinu og einstaka atvinnugreinum hafa.

Vistarband kvótakerfisins

Það sést best á kyrrstöðunni í þeim atvinnugreinum sem eru undanþegnar EES samningnum, sjávarútvegi og landbúnaði. Þar ráða fámennir hópar ferðinni og hafa kverkatak á stjórnmálaflokkunum. Hvergi er óréttlætið, vanmáttur almennings og auðsöfnun hinna útvöldu meira himinhrópandi en í sjávarútveginum. Þar ríkir kyrrstaðan, þar ríkir húsbóndavald eigandans, þar eiga launamenn allt sitt undir duttlingum „húsbóndans“ og eru ekki frjálsir menn. Íslensku sjávarplássin líða á hverjum degi fyrir einokunarkerfið í úthlutun kvótans og þeir sem starfa við þessar aðstæður eru í svipuðum sporum og vinnufólkið á dögum Jóns Sigurðssonar. Sjómenn á Vestfjörðum hafa oft verið minntir á stöðu sína og að þeim sé hollast að sitja og standa eins og þeim er ætlað. Ófrelsið leiðir af sér afturför og lífskjaraskerðingu. Þegar spurt er hvað er til ráða er einfaldast að benda til greiningar Jóns Sigurðssonar. Takið einokunarvaldið úr höndum þeirra sem hafa það nú og færið það byggðanna og ríkisins. Leyfum öllum að sækjast eftir kvótanum og keppa um hann og látum arðinn renna til samfélagslegra þarfa. Frelsinu fylgir sjálfstæði og bætt lífskjör– fyrir okkur öll.

Kristinn H. Gunnarsson

Vestfjarðakort

Nýtt handteiknað Vestfjarðarkort er nú komið út í fyrsta sinn. En kortinu er ætlað að hjálpa ferðamönnum að ferðast um Vestfirði og kynna þá þjónustu sem stendur til boða á svæðinu. Eyþór Jóvinsson er útgefandi kortsins, en undanfarin ár hefur hann gefið út Ísafjarðarkortið sem hefur notið mikilla vinsælda ár hvert. Vestfjarðarkortið líkt og Ísafjarðarkortið er teiknað af Ómari Smára. Bæði Vestfjarðarkortið og Ísafjarðarkortið er gefið út í 60.000 eintökum hvort, svo áætla má að 120.000 kortum verði dreift til ferðamanna á Vestfjörðum í ár. Eyþór hefur nýlokið hringferð um Vestfirði þar sem hann dreifði kortinu til rúmlega 200 ferðaþjóna á Vestfjörðum og víðar. Þá er einnig hægt að nálgast blokkir af kortunum hjá flestum upplýsingamiðstöðum á Vestfjörðum.

Vestfirska vísnahornið

Í þessum mánuði sýndi Dagrún Matthíasdóttir myndlistarkona verk sín í Edinborgarhúsinu. Hún er Ísfirðingur og meðal verka hennar er grafíkverk þar sem hún birtir ljóð eftir föður sinn Matthías Kristinsson. Hann var góðu hagyrðingur og 2011 kom út ljóðabók hans Ísafjörður ægifagur.

Ljóðið sem Dagrún valdi er svohljóðandi:

Horfi ég yfir hafið blátt,
hugurinn ber mig í vesturátt,
inn í fagran fjallahring,
faðm sem heillar Vestfirðing.

-Ennþá líður æskan hér
um aldnar hjartarætur.
Hér var ljúft að leika sér
um lygna daga og nætur.

Emil Hjartarson, frá Flateyri orti fyrir skömmum orðinn langeygur eftir sólargeislum sumarsins með þessum formála: Við vitum að sólin gengur sína leið þó regngrá ský feli geisla hennar óskandi að sá feluleikur standi ekki mikið lengur.

Þýtur í stráum þeyrinn hljótt
þagnar kliður dagsins
Guð er að bjóða góða nótt
í geislum sólarlagsins.

Eiríkur Jónsson á Grænhól á Barðaströnd orti um svipað leyti sína sumarkveðju í rysóttu veðurfarinu:

Er sumarið kom yfir sæinn
það samstundis yfirgaf bæinn
hrakviðri og helvítis kuldi
er haglið á rúðunum buldi.

Er saman við horfum á snjóinn
og sjáum á kafi er móinn
er bylur og fuglarnir flúnir
og flestir á taugunum búnir.

Þó öll við nú sólina syrgjum
og söknuðinn inní oss byrgjum.
þá vakir enn vonin um hlýju
og að vorið nú komi að nýju.

Jón Atli Játvarðarson, þangskurðarmaður á Reykhólum fylgdist með þinglokunum og hefðbundnum darraðadansi á þeim tíma. Eitt af lokaverkunum var að leggja niður Kjararáð:

Þinglokin nú gera geysi lukku.
Gæti stjórnin jafnvel áfram skrimt.
Lagt var niður kjararáð í krukku
og kokkar hússins látnir sjóða grimmt.

Ríkisstjórnin ákvað að sitja heima og fara ekki á heimsmeistaramótið. Vildi hún með því mótmæla framferði Rússa á alþjóðavettvangi. Jón Atli víkur aðeins að því:

Þátttaka á stórmóti stórfengleg er
og stemming, sem fólk sé að dreyma.
En ríkisstjórn bara í fýlu þó fer
og Forsetann bindur heima.

En vendum nú kvæðinu inn í Djúp. Indriði á Skjaldfönn liggur ekki á skoðun sinni frekar en fyrri daginn:

Árneshreppsbúar hafa verið mikið í fréttum í vor, bæði vegna fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar og hreppsnefndarkosninganna þar sem virkjunarmál voru í brennidepli. Það er stutt hérna úr Skjaldfannardalnum yfir jökulsporð eða heiði til þessara næstu nágranna. Mér hefur verið tíðhugsað til þeirra. Það vill svo til að ég hef gengið með Eyvindarfjarðará frá upptökum til sjávar og önnur eins glæsifossaá mun varla fyrirfinnast á Íslandi öllu. Og ekki er heldur í kot vísað með Hvalárfossum þó ég sé þar ekki eins kunnugur. Það sem undrar mig mest er að Ferðafélag Íslands og Útivist skuli ekki fyrir löngu hafa komið sér upp aðstöðu til þess að fara með gönguhópa um þetta stórkostlega svæði. Og hvað svo með alla þá útlendinga sem nú og á næstu árum eiga eftir að nánast troðast undir á helstu múgskoðunarstöðum sunnan og suðaustanlands?

Virkjunarsinnar hafa talað veðráttu í Árneshreppi niður , þar sé bara sumar í mánuð. Ekki er nú öll vitleysan eins. Mín megin jökuls og fjalla er sumarferðafært um óbyggðir í 3 ½ - 4 mánuði hið minnsta. En það sem mér hefur fundist athyglisverðast hjá nágrönnum mínum í vor er að hreppsnefnd þessa fámennasta sveitarfélags landsins hefru barist með kjafti og klóm gegn fjölgun íbúa og gengur að mér finnst í óþarflega góðri takt við Þjóðskrá. En skýringar eru á öllu og í vikunni hringdi hreppsnefndarmaður í Árneshreppi í mig til að þakka mér fyrir Evuvísurnar og gat þess í leiðinni hvað hefði valdið andspyrnu hans við íbúafjölgun.

Hún var nákvæmlega þessi:

Þjóðskrá feginn fylgi ég
frábært að hún aðgang teppi.
Því það er orðin ógeðsleg
offjölgun í þessum hreppi.

Víkjum þá að öðru efni. 16. júní leikur Íslendinga við Argentínu hlýtur að skora hátt hjá kveðskaparfólki.

Messi er meistaraflokkur
magnaður hágæðaskrokkur
en töfrunum rúinn
tættur og lúinn
bugaðist andspænis okkur.

Ritstjóranum mínum fannst hlutur dreifbýlisfólks rýr í fálkaorðuveitingum 17. júní sl. Það kom mér ekki á óvart. Við séra Baldur í Vatnsfirði reyndum ítrekað að koma einhverjum mesta velgjörðarmanni íslenskrar náttúru, Reyni Bergsveinssyni frá Gufudal , höfundar mikilvirkasta minkadrápstækis hérlendis á framfæri við orðunefnd en án árangurs.

Á dreifbýlisstöðum er lítið um list
lágkúra í velflestum greinum.
Því lenda orðurnar framast og fyrst
hjá fólkinu í hundrað og einum.

Með þessum orðum sláum við botninn í vísnaþáttinn að þessu sinni. Nú verður gert hlé á útgáfu blaðsins fram til 2. ágúst vegna sumarleyfa og hagyrðingar þáttarins fá frí fram á haust. Engu að síður er líklegt að vísnaþátturinn verði á sínum stað í ágústmánuði en þá meir hugað að útgefnum vestfirskum kveðskap.

Kristinn H. Gunnarsson

westfalia
AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og tímapantanir hjá söluaðilum um land allt.

Söluaðilar Motormax:

MotorMax

Motormax ehf.
Vatnagarðar 12
Sími: 545 4040

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

ACURA
Borðstofustóll. Dökkgrátt áklæði og svartir stálfætur.

60% AFSLÁTTUR

14.396 kr. ~~35.990 kr.~~

40% AFSLÁTTUR

PARKER
Grátt, blátt eða brúnt slitsterkt áklæði.

59.994 kr. ~~99.900 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is Skeiði 1, Ísafirði
Sími: 558 1100

VINA- OG FJÖLSKYLDUVÆÐING FELLDI SJÁLFSTÆÐISFLOKKINN

Óvæntustu úrslit sveitarstjórnarkosninganna á Vestfjörðum voru í Vesturbyggð. Þar féll meirihluti Sjálfstæðisflokksins og óháðra. Ný sýn fékk 298 atkvæði (54%) og fjóra bæjarfulltrúa kjörna en D listinn hlaut 251 atkvæði (46%) og þrjá bæjarfulltrúa. Fyrirfram var búist við því að D listinn fengi 5 menn kjörna og nýja framboðið Ný Sýn fengi 2 bæjarfulltrúa.

Listi Sjálfstæðisflokksins og óháðra varð sjálfkjörinn fyrir 4 árum og fékk því alla 7 bæjarfulltrúana. Sjálfstæðisflokkurinn hafði unnið meirihluta í kosningunum 2010 og fékk þá 54% atkvæða en bæjarmálafélagið Samstaða 46%. 2006 fékk Samstaða flest atkvæði og öruggan meirihluta en 2002 vann Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta með 56% atkvæða. Bæjarmálafélagið Samstaða bauð fram frá 1998 til 2010 en hvorki 2014 né nú 2018.

Það er nokkuð samhljóða svör þeirra sem blaðið Vestfirðir hefur rætt við að ólíðandi starfshættir við stjórnsýsluna standi upp úr til skýringar á falli Sjálfstæðisflokksins og óháðra. Þar hafi hagsmunagæsla fáeinna einstaklinga, einkum bæjarstjórans Ásthildar Sturludóttur og forseta bæjarstjórnar Friðbjargar Matthíasdóttur gengið langt fram úr hófi og eru rakin fjölmörg dæmi því til stuðnings í samtölunum. Eiginmaður Ásthildar bæjarstjóra, útgerðarmaðurinn Hafþór Gylfi Jónsson var formaður hafnarstjórnar á síðasta kjörtímabili. Bróðir hans Magnús Jónasson bæjarfulltrúi var einnig varaformaður bæjarráðs og á kjörtímabilinu ráðinn sem umsjónarmaður fasteigna bæjarins. Bæði sú ráðning og eins ráðning á fræðslustjóra eru gagnrýndar þar sem ekki hefði verið auglýst né ráðningin farið fyrir bæjarstjórn. Útgerð formanns hafnarstjórnar fékk 147 tonna byggðakvóta Bíldudals þrátt fyrir að gera út frá Patreksfirði, landa og vinna fiskinn þar. Byggðakvóta er úthlutað ókeypis og verðmæti kvótans er um 22 milljónir króna miðað við leiguverð eins og það var við úthlutun. Þá sætir gagnrýni að ekki hafi verið viðhaft prófkjör við röðun á D listann , en Hafþór Gylfi Jónsson var formaður uppstillinganefndar og þykir gagnrýnendum að ráðað hafi verið á listann úr vinahópnum til þess að tryggja öll tök bæjarstjórans á væntanlegum bæjarfulltrúahóp. Meðal annarra var í fjórða sætinu formaður Samfylkingarinnar í sveitarfélaginu og stjórnarmaður bæjarmálafélagsins Samstöðu. Það varð til þess að Samstaða bauð ekki fram en þess í stað myndaðist hópur um framboð sem heitir Ný Sýn og naut stuðnings innan úr röðum sjálfstæðismanna og almenns stuðings fólks úr öðrum flokkum og fékk óvænt hreinan meirihluta. Þá benda margir heimildarmenn blaðsins á ferlimál fatlaðrar konu í sveitarfélaginu, sem nú er látin, sem komst í landsfjölmiðlana. Bæjarfélagið stóð mjög á bremsunni varðandi þjónustu við hana og fór það fyrir dómstóla. Þar hefur bæjarfélagið farið halloka og verið dæmt til þess að greiða umtalsverðar bætur. Konan var rótgróin heimamaður, átti stóran frændgarð og var vinamörg. Þykir stífni og óbilgirni bæjarstjórans fyrrverandi hafa farið fram úr öllu hófi. Að lokum er svo töluverð gagnrýni á fjármálastjórn bæjarins og vaxandi skuldastöðu.



Niðurstöðuna má draga saman þannig að það sem felldi stærsta meirihlutann á Íslandi hafi verið vina- og fjölskylduvæðing innan hans. Kraftan um heilbrigða stjórnarhætti virðist eiga jafnmikinn hljómgrunn meðal íbúa Vesturbyggðar eins og um land allt.

Tónlistardagskrá í tali og tónum um líf skáldkonunnar Huldu

HVER Á SÉR FEGRA FÖÐURLAND

Hólmavíkurkirkja föstudaginn 29. júní kl. 20
Hamrar, Ísafirði laugardaginn 30. júní kl. 17

Helga Kvam, píanó og Þórhildur Örvarsdóttir, söngur

Tónlistarkonurnar Helga Kvam og Þórhildur Örvarsdóttir hafa í nokkur ár starfað saman sem dúett (píanó/söngur) og haldið saman marga þematengda tónleika þar sem efnistökin eru oftar en ekki ákveðin ljóðskáld/tónskáld bæði úr klassískum grunni og heimi dægurtónlistar. Í vor fengu þær Listamannalaun til að vinna að verkefni um Huldu skáldkonu og eru þessir tónleikar afrakstur þeirrar vinnu. Unnur Benediktsdóttir Bjarklind fæddist þann 6. ágúst 1881 og lést 10. apríl 1946. Hún skrifaði ljóð og prósa undir skáldanafninu Hulda. Eitt þekktasta ljóð hennar var ættjarðarljóðið Hver á sér fegra föðurland úr ljóðaflokknum Söngvar helgaðir þjóðhátíðardegi Íslands 17. júní 1944, samið í tilefni af lýðveldisstofnuninni 1944 og var annað tveggja ljóða sem vann samkeppni um hátíðarljóð. Á þessum tónleikum verða flutt lög íslenskra tónskálda við texta Huldu ásamt frumflutningi á tónlist eftir Daníel Þorsteinsson sem hann samdi sérstaklega fyrir Helgu og Þórhildi fyrir þessa dagskrá. Tónlistinni er fléttað saman við frásagnir af lífi Huldu og verkum hennar. Tónleikarnir eru styrktir af Sóknaráætlun Norðurlands eystra, KEA, Dagskrá Fullveldishátíðar og Listamannalaunum og unnir í samstarfi við Menningarfélag Akureyrar, Menningarmiðstöð Þingeyinga og Minjasafnið á Akureyri.

Helga Kvam og Þórhildur Örvarsdóttir Ljósmynd: Daníel Starrason

Fyrstu tónleikarnir verða á Akureyri 19. júní. Síðan verða tónleikar á Húsavík, Kópaskeri, Reykjavík og síðustu tónleikarnir verða á Eskifirði 12. ágúst.

Aðgangseyrir er kr 3000, eldri borgarar og öryrkjar kr 2500, frítt fyrir 12 ára og yngri.


VERTU SIGURVEGARI
LÍKA UTAN VALLAR
NIVEA
MEN
CREME
HEIMIR
HALLGRÍMS
HH
LANDSLIÐS-
ÞJÁLFARI
NIVEA
MEN

ÞJÓÐHÁTÍÐARHÖLDIN Á HRAFNSEYRI 16. JÚNÍ 2018

Hátíðarhöld í tilefni þjóðhátíðardagsins á Hrafnseyri voru með óvenjulegu sniði að þessu sinni. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson hélt hátíðarræðu og gestir fylgdust með knattspyrnuleik Íslands og Argentínu í stóru hátíðartjaldi.

Þjóðhátíðardagskráin á Hrafnseyri, sem er venjulega á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar þann 17. júní, var færð fram um einn dag, eða til laugardagsins 16. júní og hófust kl. 11:00 um morguninn með guðþjónustu. Að henni lokinni flutti forseti Íslands. herra Guðni Th. Jóhannesson hátíðarræðu.

Á eftir ræðu forseta Íslands, var frumflutt tónverkið Blakta eftir ísfirska tónskáldið Halldór Smárason. Síðan sagði sr. Geir Waage í Reykholti frá æskuminningum sínum frá Hrafnseyri.

Dagskránni lauk svo með útskriftarhátíð nemenda frá Háskólasetri Vestfjarða.

Í ræði sinni sagði forseti Íslands:

„Í ár höldum við Íslendingar upp á að öld er liðin frá því að land okkar varð frjálst og fullvalda ríki. Í borgum, bæjum og dreifðum byggðum hefur fólk komið saman og minnst þessara merku tímamóta. Þetta munum við gera áfram það sem eftir er ársins. Meðal annars verður hátíðarfundur Alþingis á Þingvöllum og fullveldisdagurinn sjálfur, 1. desember, að sjálfsögðu hafður í heiðri. Og afar vel fer á því að fagna aldarafmæli fullveldis hér á Hrafnseyri, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, hins óskoraða leiðtoga á leið Íslendinga til aukins sjálfstæðis. Auk þess er mér heiður að halda hingað í Arnarfjörð með Þór, hinu glæsilega flaggskipi Landhelgisgæslu Íslands. Í sambandslagasamningi Íslands og Danmerkur árið 1918 var kveðið á um það að Íslendingar tækju vörslu landhelginnar í sínar hendur þegar þeir kysu. Það var gert með stofnun Landhelgisgæslunnar átta árum síðar. Upp frá því hafa liðsmenn hennar staðið vörð um fullveldi Íslands og sjálfstæði, sinnt björgunarstörfum og áunnið sér aðdáun þjóðarinnar. Góðir áheyrendur: Hér á Hrafnseyri fæddist Jón forseti, 17. júní 1811. Á lífsleiðinni vann hann að og varð vitni að framfarasporum á frelsisbraut; helst þá endurreisn Alþingis og sérstakri stjórnarskrá fyrir Ísland úr hendi Danakonungs. Við andlát Jóns hinn 7. desember 1879 hafði ýmsu því verið komið til leiðar en áfram var verk að vinna. Það vissi Jón og hann horfði bjartsýnn fram á veg. Um leið fann hann ætíð andagift og fyrirmyndir í okkar fornu sögum og sagnaarfi.“

Vék forseti Íslands að gildi fyrirmynda svo sem á íþróttasviðinu til þess að efla þjóðarhug, stolt og samkennd en minnti jafnframt á nauðsyn þess í hverju þjóðfélagi að leita samkomulags, setja niður deilur og sýna samúð og samhjálp og vitnaði

þar til orða Jóns Sigurðssonar í ritgerð hans um Alþing á Íslandi :

„Kjör manna, stétta og þjóða eru svo samtvinnuð, að eins gagn er í rauninni allra gagn og eins skaði allra skaði.“ Og þetta hafði Jón forseti að segja um dómhörku, þrjósku og þröngsýni í málafylgju: „Þegar menn hafa einungis fyrir augum að koma fram sínu máli með hverjum þeim brögðum, sem verða má, og níða alla, sem móti mæla, bæði leynt og ljóst, þá er málinu komið í illt horf, því þá má verða, að sá hafi sitt mál, sem verr gegnir og hrekkvísastur er eða illorðastur …“

Í framhaldi af þessu minntist forseti Íslands á Hrafn Sveinbjarnarson, þann sem Hrafnseyri er kennd við og var fremstur manna í læknislist um sína daga.

„Fögrum orðum var líka farið um læknislist Hrafns Sveinbjarnarsonar, að ekki sé minnst á mannúðina, eins og rakið er í sögu hans: „Til engis var honum svo títt, hvorki til svefns né matar, ef sjúkir menn komu á fund hans, að ei mundi hann þeim fyrst nokkura miskunn veita. Aldrei mat hann til fjár lækning sína.“ Hér er boðskapurinn skýr. Um aldamótin 1200 var unnt að veita fólki heilbrigðisþjónustu án þess að fjárhagur þess skipti sköpum. Sama mætti heita

sjálfsagt um okkar daga. Og kæru landsmenn: Fylgjumst endilega af einlægni og áhuga með fólki að leika sér með bolta – þar verð ég glaður framarlega í flokki – en munum þó hvað skiptir mestu máli í okkar samfélagi, heilsa fólks og hamingja. Við fáum því ekki breytt að alltaf verða einhverjir veikir og sárir í þessum heimi, áföll dynja yfir. Hitt er í okkar höndum að lina þrautir og sýna samkennd. Fyrr í vikunni varð mannskaði í umferðinni hér á Vestfjörðum og skammt er síðan stór systkinahópur lenti í alvarlegu bílslysi með móður sinni og frænda; enn liggur fjögurra ára stúlka þungt haldin á sjúkrahúsi. „Við mæðgur ætlum … að vera súper súper sterkar saman í sumar,“ segir móðirin. Héðan frá Hrafnseyri skulum við svo sannarlega senda stuðningskveðjur til landsliðs okkar en líka til Myrru litlu og annarra sem eiga um sárt að binda. Góðir Íslendingar: Fögnum aldarafmæli fullveldis! Megi frjálst og sjálfstætt Ísland eflast áfram, þjóðinni allri til heilla.“

Að starfi loknu

Síðustu fjögur ár hefur mér gefist tækifæri til að gegna hlutverki bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og er sannarlega þakklátur fyrir það.

Í starfinu nýttist vel sú reynsla sem ég hafði öðlast átta árin þar á undan, sem bæjarfulltrúi, forseti bæjarstjórnar, formaður bæjarráðs og með formennsku og varaformennsku í fjölda nefnda. Á þeim árum fékk ég mikla innsýn í starfsemi bæjarins og ýmislegt sem betur mátti fara og kom það sér vel í bæjarstjórastarfinu. Heilt yfir gekk mjög vel og ég held að flestir sjái þann árangur sem orðið hefur á þessum fjórum árum. Þetta var ánægjulegur og gefandi tími og velvild starfsfólks og bæjarbúa í minn garð skilur eftir hlýjar minningar.

Starfsánægja meðal starfsfólks sveitarfélagsins jókst umtalsvert og mælanlega og þrátt fyrir verulega aukin afköst sveitarfélagsins fjölgaði starfsmönnum aðeins um þrjá – sem má einfaldlega skýra með auknum umsvifum hjá Ísafjarðarhöfn. Hjá sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ starfa nærri 400 starfsmenn í nærri 300 stöðugildum. Stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins er laun og því er mikilvægt að vel takist til í starfsmannamálum. Starfsmenn þurfa að upplifa ánægju í starfi, fá skýr skilaboð um hlutverk sitt og njóta stuðnings til að skila starfi sínu vel. Þarna tókst vel til og með góðu starfsfólki tókst mér að greiða úr mörgum erfiðum málum sem höfðu legið óleyst í langan tíma. Þetta var ekki alltaf auðvelt því að oft er um viðkvæm persónuleg mál að ræða. Þó að reynt hafi verið að leysa öll mál þannig að bæði starfsmenn og sveitarfélagið hefðu af því sem mestan hag þá er það ekki hægt í öllum tilfellum og þá þarf bæjarstjóri að láta hagsmuni sveitarfélagsins ganga framar, í slíkum tilvikum getur komið fyrir að einhver gangi ósáttur frá borði þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir.

Skólarnir hafa náð frábærum árangri og er metnaðurinn í starfi þeirra augljós. Grunnskólinn á Ísafirði hefur vakið athygli meðal fagfólks og foreldra, sem koma annarsstaðar frá og heimsækja skólann, fyrir metnaðarfullt starf og fagmennsku. Að mínu mati er sama metnað að finna í öðrum grunnskólum og leikskólum sveitarfélagsins. Hið góða starf í skólamálum sveitarfélagsins hófst að vísu fyrr – m.a. á þeim tíma sem ég gegndi formennsku í fræðslunefnd – hlutverk mitt sem bæjarstjóra var því fyrst og fremst að styðja við skólasviðið og skólana sjálfa í að halda áfram að gera vel.

Þau fjögur ár sem ég hef starfað sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hafa gefið mér tækifæri til eiga frumkvæði að og/eða taka þátt í mörgum góðum verkum. Ástæða þessa árangurs liggur ekki hvað síst í skilningi og framtíðarsýn meirihluta Í-lista og samstilltum verkum starfsmanna Ísafjarðarbæjar. Nýr meirihluti í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fær því góðan grunn til að byggja á til næstu ára. Meðal slíkra verkefna sem hafa þegar verið unnin eða eru langt komin:

- bætt skipulag vinnu við fjárhagsáætlun og aukið samráð við starfsmenn um hana,
- mótun hlutverkslýsingar (mission statement) starfsmanna – sem er einskonar mottó starfsfólks,
- úrlausn flókinna starfsmannamála og valdefling starfsmanna bæjarins,
- ný heimasíða sem mun opna leiðir til bættrar rafrænnar stjórnsýslu,
- innleiðing á nýju launakerfi sem bæta mun úrvinnslu upplýsinga og auka aðgengi starfsfólks,
- endurskipulagning áhaldahúss/Þjónustumiðstöðvar sem farin er að skila góðum árangri,
- bætt skipulag í viðhaldsmálum og framkvæmdum sem bætir markvissa nýtingu fjármuna og eykur framkvæmdagetu,
- nýtt og mjög hagstætt útboð í sorpmálum sveitarfélagsins,
- nýtt starfsmannaskipulag hjá Ísafjarðarhöfnum sem léttir álag og bætir þjónustu,
- GDPR – innleiðing laga um persónuvernd hjá Ísafjarðarbæ sem staðið hefur yfir frá áramótum og setur Ísafjarðarbæ í fremstu röð nú þegar lögin taka gildi í júlí,
- bygging fjölbýlishúss við Sindragötu eftir 14 ára hlé í slíkum framkvæmdum,
- framþróun og efling skólastarfs,
- uppbygging kerfis fyrir eftirlit með umgengni, t.d. vegna gáma, bílhræja og rusls í umhverfinu – nú á lokastigum og tilbúið til framkvæmdar,
- mikill árangur í bættri meðferð fjármuna vegna málefna fatlaðs fólks á Vestfjörðum,
- þróun íbúalýðræðis og hverfisráða,
- bætt tengsl íbúa við stjórnsýslu - þar er þó mikið verk enn óunnið,
- styrking samkenndar og samstarfs milli sviða og deilda bæjarins,
- uppbygging og bætt þjónusta í þorpum utan Ísafjarðar,
- barátta fyrir hagsmunum Ísafjarðarbæjar af orkuréttindum, strandsvæðaskipulagi og fiskeldi,
- uppbygging á Torfnesi,
- uppbygging á Suðurtanga, m.a. með nýjum Sundabakka.

Íbúar eru ánægðir og hafa lýst því bæði með orðum og með þeirri staðreynd að hér hefur fjölgað á kjörtímabilinu. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 1998 sem íbúum fjölgar. Alls fjölgaði um nærri 200 íbúa og þó svo við drögum frá þá 49 útlendinga sem skráðir voru í eitt hús á Þingeyri, án þess að búa þar, og þó svo við drögum frá jarðgangamenn í Arnarfirði, sem vissulega búa þar og starfa, þá er fjölgunin engu að síður yfir 100 íbúar og er einsdæmi á þessari öld.

Það er erfitt að finna góða mælikvarða til að bera saman árangur sveitarfélaga. Skuldaviðmið og ýmsar kennitölur eru m.a. notaðar til þess og lýsa vel heppnuðu kjörtímabili. Þegar öllu er á botninn hvolft þá getur þó ekkert talist fullnægjandi árangur annað en að íbúum fjölgi. Ef íbúum fækkar þá hefur ekki tekist nógu vel til.

Nú að loknu starfi mínu sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar bíða fjölmörg spennandi tækifæri. Ég mun leita mér að öðrum krefjandi störfum og ekki er ólíklegt að það leiði til þess að mig beri annarsstaðar niður en á Vestfjörðum. Hvar sem mig ber niður mun þó framgangur og farsæld Ísafjarðarbæjar eiga stóran sess í huga mér.

Gísli Halldór Halldórsson

Varðveitum handverkið og söguna

Á þessu ári eru liðnir átta áratugir síðan Ísfirðingar og Reykvíkingar héldu sjómannadaginn hátíðlegan í fyrsta skipti. Á næsta ári hófust síðan hátíðahöld í flestum verstöðvum landsins. Mikið vatn hefir síðan runnið til sjávar og útgerðin tekið algjörum stakkaskiptum á þessu tímaskeiði. Í sjávarútvegnum hefir orðið algjör atvinnubylting með stærri og öflugri skipum. Þessi þróun kallar á, að við varðveitum sýnishorn af gamla hugvitinu og handverkinu í skipasmíðum og heiðrum um leið minningu þeirra, sem hönnuðu og smíðuðu gömlu trébátana. Menningararfleifðin felst ekki eingöngu í gömlum húsum. Hana er einnig að finna í gömlum skipum, sem mörg hver eru einstök listaverk. Mikið hefir áunnizt í endurgerð gamalla og sögufrægra húsa á liðnum árum, en bátunum sem áratugum saman færðu björg í bú, hefir ekki verið sami sómi sýndur. Því miður. Margir gömlu bátanna sýna glæsilegt handverk og eru vitni um menningu og listsköpun. Vestfirzki flotinn var byggður með hliðsjón af vályndum veðrum og sjólagi og vandaðri en víða annars staðar. Gömlu bátarnir eiga því að vera stolt byggðarlagsins um ókomin ár. Vestfirðingum ber skylda til að varðveita þennan fjársjóð, afkomendum sínum til fróðleiks. Hann er hluti af menningu okkar og markar endalok langrar þróunar á þessu sviði.

Bárður G. Tómasson skipaverkfræðingur var framsýnn maður. Hann fékk Jóhann Bárðarson á sínum tíma til að smíða sexæring, sem hann síðan afhenti Byggðasafni Vestfjarða með rá og reiða og öllum fargögnum. Hann er nú varðveittur í Ösvör í Bolungavík yfir sumarmánuðina. Á seinustu árum hefir safnið látið gera við og endurbyggja Sædísi, sem Bárður G. Tómasson teiknaði og var smíðuð í skipasmíðastöð hans í Slippnum á Torfnesi á Ísafirði árið 1938, fallegt sýnishorn af handverki hans. Einnig nokkra minni báta, sem safnið hefir eignazt á liðnum árum. Tveir bátar hafa því miður orðið að bíða árum saman, þar sem fjármagn hefir skort til framkvæmda. Það eru Tóti frá Bolungavík og Örn frá Ísafirði. Mér þykir ekki líklegt, að Byggðasafnið ráði við þetta verkefni á komandi árum miðað við fjárveitingar til safnsins á liðnum árum. Það er ekki vansalaust og okkur Vestfirðingum ekki sæmandi að gera ekkert í málinu. Það kann að þykja framhleypni af mér að koma með tillögu til lausnar, en læt slag standa. Ég leyfi mér að leggja til, að Sjómannadagsráðin í Bolungavík og á Ísafirði taki þessa tvo báta í fóstur og sjái um viðgerð þeirra. Þessir tveir bátar eru hluti af atvinnu- og menningarsögu þessara byggðarlaga.

Í byrjun liðinnar aldar fluttist Falur Jakobsson til Bolungavíkur og hóf þar bátasmíð, ásamt tveim sonum sínum, Jakobi og Sigmundi. Þeir feðgar slitu allir barnsskónum á Hornströndum og þar munu þeir hafa lært handverkið. Önnuðust þeir síðan alla bátasmíð fyrir Bolvíkinga í eina þrjá áratugi. Þeir voru völundarsmiðir allir þessir feðgar. Falur fann upp það lag sem bezt hentaði þeim aðstæðum að setja þurfti bátana í hverjum róðri. Á floti var ekki hægt að geyma bát vegna hafnleysis í Bolungavík á þessum árum. Bátarnir þurftu að fljóta snemma í flæðarmálinu. Til þess að auka flotið í skutnum smíðuðu þeir feðgar báta sína með hlutfallslega viðamikinn skut og höfðu allan botn bátsins síðan, breikkuðu hann fyrr en almennt gerðist. Falsbátar flutu því á grynnra vatni en aðrir slíkir bátar og þurftu minni ballest. Þetta bátslag Falsfeðga létti bolvískum sjómönnum ómælt erfið við setning bátanna. Tóti var smíðaður fyrir Kristján Kristjánsson og Einar Guðfinnsson árið 1930, alla tíð farsælt aflaskip. Það voru Falsbátarnir sem skópu grundvöllinn að þeirri Bolungavík, sem við þekkjum í dag. Ég trúi því að útgerðarmenn og sjómenn í Bolungavík hafi þann metnað að vilja varðveita seinasta eintakið sem til er af þessu sérstæða bátslagi. Ef þeir fá Einar K. Guðfinnsson og Jakob Fal Garðarsson í lið með sér trúi ég ekki, að þetta verði þrekvirki. Þeim er báðum málið skylt.

Á Ísafirði þróaðist allt annað bátslag. Þeir voru byggðir fyrir meiri gang, enda lengri sjósókn. Um árabil teiknaði Eggert B. Lárusson flesta báta, sem Marzellíus Bernharðsson smíðaði. Ágætt sýnishorn þessa bátslags er Örn ÍS 18, sem var smíðaður hjá Marzellíusi árið 1942. Seinasti eigandi hans var Torfi Björnsson, sem stundaði rækju- og handæraveiðar á Örninni um langt árabil. Ég trúi því að Sjómannadagsráð Ísfirðinga sé tilbúið að taka þennan bát í fóstur og koma honum í upprunalegt horf eins og Marzellíus skilaði honum. Ekki er ólíklegt að Marzellíus Sveinbjörnsson og Jóhann Torfason séu fúsir að leggja þeim lið. Það er ekki vanzalaust fyrir Ísfirðinga að eiga ekki eintak og bát, sem Eggert B. Lárusson teiknaði og smíðaður var í Skipasmíðastöð M. Bernharðssonar undir handleiðslu Marzellíusar á sínum tíma. Það á að vera stolt okkar Ísfirðinga og verðugur minnisvarði um alla þá skipasmiði, sem hér störfuðu á sínum tíma.

Ég er svo bjartsýnn, að leyfa mér að vona, að hafizt verði handa við björgun þessara menningarverðmæta áður en það er um seinan. Það þolir enga bið. Það tókst á sínum tíma að bjarga gömlu verzlunarhúsunum í Neðstakaupstað frá niðurrifi. Nú tekur við næsta verkefni. Munum að þetta er hluti af menningu okkar. Gleymum því ekki.

Jón Páll Halldórsson.

SUNDLAUGIN Í REYKJARFIRÐI 80 ÁRA

Moldarlaugin

Nýjasta laugin

Unga fólkið í Reykjarfirði á heimilum þeirra Matthildar Herborgar Benediktsdóttur og Jakobs Kristjánssonar sem og Alexandrínu Benediktsdóttur og Jónasar Guðjónssonar gerðu sér oft að leik að baða sig í heitum uppsprettum sem eru víða í firðinum.

Árið 1929 þegar Jóhannes Jakobsson var 12 ára gamall heyrði hann fyrst talað um sundlaugar, en þá kom heim í Reykjarfjörð, Stefán Guðmundsson, sem hafði séð sundtök og sýndi hann krökkunum sundtökin. Með Jóhannes fremstan í flokki hlóðu unglingarnir stíflugarð fyrir afrennsli volgrar tjarnar og stækkuðu hann með því að stinga úr bökkunum. Þannig varð til allgóð sundlaug þar sem hægt var að æfa sundtökin og sagði hann þeim til í „pollinum/Moldarlaug."

Moldarlaugin

Næst var að byggja vegg í lækjarfarveginum. Hlaðinn var veggur um 3,5 m á lengd og röskur metri á hæð og samsvarandi að breidd. Þegar farveginn var orðinn bakkafullur, var hann 16 m langur og 3,5 m á breidd og eitthvað á þriðja m á dýpt þar sem hann var dýpstur. Þótti hinn mesti munur að geta farið í svo djúpan poll sem var nefndur sundlaug.

Frumkvæði Jóhannesar og unglinganna barst út um sveitirnar. Á sýslufundi 1935 reis séra Jónmundur Halldórsson, prestur í Grunnavík, úr sæti og fór þess á leit við sýslunefnd að veita styrk til endurbóta á sundlaug í Reykjarfirði og til sundkennslu. Var samþykkt að veita 100 kr. styrk. Það varð úr að gamla sundlaugin var lagfærð og lengd í 25 m. Jóhannes fór í Reykjanesskólann árin 1936 og 1937, þrjá mánuði í senn. Æfði hann stíft sund og fékk leiðsögn um sundkennslu.

Eftir sundnámskeiðið vaknaði áhugi hjá Jóhannesi að byggja varanlega sundlaug.

Árið 1937 hitti Jóhannes, Vilmund Jónsson, síðar landlækni, á Arngerðareyri, en hann var annar frambjóðandi N-Ísafjarðarsýslu. Áttu þeir tal saman um hvort fengist styrkur til sundlaugarbyggingar í Reykjarfirði. Féllu Vilmundi þannig orð: „Þótt hann kæmist ekki á þing skyldi hann gera sitt besta í málinu." Þriðja sundnámskeiðið stóð yfir þegar fréttist að Vilmundur hefði komist á þing.

Þann 11. ágúst sama ár barst bréf frá þingmanni þeirra þar sem hann tilkynnti að búið væri að útvega 600 kr. til sundlaugarbyggingarinnar, einnig útvegaði hann teikningu af sundlaug.

Vígsla 2. júlí 1938

Matthildur Herborg Benediktsdóttir og Jakob Kristjánsson eignuðust 14 börn (13 lifðu). Efri röð, Magnús, Ragnar, Guðmundur, Benedikt, Guðfinnur, Hermann, Kjartan og Jóhannes. Neðri röð, Valgerður, Jóhanna, Guðrún, Matthildur, Jakob, Sigríður og Ketilríður.

Sundlaugin var byggð með það í huga að efla menningu sveitarfélagsins og vekja þrótt og samstarf meðal unga fólksins í nágrenninu. En fyrir sérstakan áhuga og mikið vinnuframlag heimilisfólks og nokkurra áhugasamra manna á Ströndum tókst að ljúka við veggi að mestu leyti um haustið, því tíðarfarið var hagstætt. Næsta vetur útvegaði Vilmundur þingmaður þeirra styrk, 300 kr. til að fullgjöra sundlaugina. Keypt var sement fyrir styrkinn og því hægt að steypa það mikið, að hægt var að hafa sundnámskeið í maí og júní sama ár. Eftir sundnámskeiðið var síðan haldið áfram og lokið við veggi og steyptur botn. Við verkið unnu 15 manns, sem útheimti 150 dagsverk og 23 hestadagsverk. Mest var unnið endurgjaldslaust, en þau vinnulaun sem greidd voru, greiddi Jóhannes, því styrkurinn fór allur til efniskaupa.

Sundlaugin var vígð 2. júlí 1938 og hófst þá fyrsta námskeiðið með 25 nemendum.

Á vígsludaginn voru samankomnir 73 gestir, verður það að teljast fjölmennt mót á jafn afskekktum stað. Matthildur og Jakob buðu öllum gestum í mat og kaffi og einhverjir gistu.

Sumarið 1986 var sundlaugin endurbyggð og máluð í fyrsta sinn og var það hægt vegna framlaga frá velunnurum sundlaugarinnar, m.a. gamalla nemenda Jóhannesar og skáta frá Ísafirði, gekk það bæði fljótt og vel.

Sundlaugin er 8 x 20 m og mesta dýpi er 1,70 m. Hveravatnið sem rennur í sundlaugina er um 52°C heitt en ekkert kalt vatn rennur í hana.

Árið 1990 var hafist handa við að byggja „Baðhúsið" þar eru klefar með sturtu- og snyrtiaðstöðu fyrir ferðafólk. Skátar frá Ísafirði aðstoðuðu við byggingu Baðhússins til minningar um Jóhannes. Fyrir nokkrum árum var settur heitur pottur og smíðaður pallur.

Enn heillar sundlaugin alla sem koma í Reykjarfjörð. Margur ferðamaðurinn hefur látið líða úr þreyttum líkamanum og endurnærst á sál sem líkama. Segja má að sundlaugin sé „perla" í eyðimörkinni", þannig eru viðbrögð og undrun ferðafólks þegar það nýtur þessarar heilsulindar á svo afskekktum stað. Landeigendur sjá um að þetta afrek Reykjarfjarðarfjölskyldunnar sé enn sú „perla" sem hún var fyrir 80 árum.

Erla Jóhannesdóttir
(stytt)

9. tölublað

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is.
Ritstjóri: Kristinn H. Gunnarsson, sími: 892-7630, netfang: kristinn@kristinn.is.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 3.400 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á VESTFJÖRÐUM

HÁÞRYSTIDÆLA
Þriggja fasa, 16 ltr./mín 200 BAR. Afkastamikil og endingargóð dæla.

Verð 223.609 +vsk

AXENTA 800/1100
Sjálfvirkar AXENTA þvottavélar fyrir vélahluti, vélar sem geta þvegið allt frá smáum hlutum upp í 150 kg. vélahluti. Samtímis því að þvottavélin er að þrífa, er einnig hægt að handþrífa aðra hluti með afköstum bursta.

Verð frá 378.000 +vsk

Sandblásturskassi m/ryksugu
2 stærðir
Verð frá 361.900 + vsk

Hobby Sandblásturskassi m/ryksugu
Verð 146.900 + vsk

Þvottakör
3 stærðir
Verð frá 8.900 + vsk

Hobby Borð-Sandblásturskassi
Verð 39.320 + vsk

Sandblásturskútur
MOBIL m/ryksugu
80L
Verð 53.200 + vsk

Sandblásturskútur
38L og 70L
Verð frá 39.320 + vsk

Bón og Bílaþvottaefni
Náttúruvænt bílasjampó með vaxbóni. Fjarlægir sót, salt og er tjöruleysandi. Gefur fallegan gljáa og myndar bónhúð á bílinn.

Tjöruhreinsir fyrir bíla
Lyktarlítill Tjöruhreinsir sem virkar, hefur mikla upplausnarhæfni og fjarlægir fljótt og örugglega tjöru, olíu, salt og önnur óhreinindi.

Trukkasápa Bílaþvottaefni
Náttúruvænt hreinsiefni sem er allt í senn bílasjampó, bónvörn og tjöruleysandi. Hentar vel á tengivagna, gröfur, traktora og lyftara.

Ultrasonic Cleaner
36L
Verð 199.900 + vsk

JÁKÓ 5000
Alhliða náttúruvænt hreinsiefni fyrir vélar, vélarúm, gólf og veggi. Hreinsar burt sót, asfalt og önnur óhreinindi. Kjörið hreinsiefni til að þrífa þar sem lítil loftræsting er.

ALK 100
Umhverfisvænt alkalískt hreinsiefni fyrir bíla- og vélaverkstæði. Alhliða hreinsiefni fyrir vélar, vinnutæki, gólf og fl. Leysir örugglega upp fitu, olíu og fl.

ALK 150
Umhverfisvænt sterkt alkalískt hreinsiefni fyrir erfið óreinindi. Alhliða hreinsiefni fyrir gólf, veggi, áhöld, vélar og fl. Leysir örugglega upp fitu, olíu, sót og fl. Hentar vel fyrir matvælaiðnað, bíla- og vélaverkstæði.

- HREINSIEFNI
- SANDBLÁSTURSSANDUR
- VÉLAHLUTAÞVOTTAVÉLAR
- HÁÞRÝSTIDÆLUR
- DÆLUR
- O.m.fl.

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.

FLYTJUM FRÍTT MEÐ FLYTJANDA UM ALLT LAND

Auðbrekku 23, Kópavogi / s. 564 1819 / www.jako.is

17. júní á Ísafirði

Þjóðhátíðinni var fagnað á Ísafirði með veglegum hætti og var töluvert fjölmenni við atburði hátíðarinnar. Að venju hófust þau við Safnahúsið með hátíðarræðu, sem Peter Weiss flutti. Hinn þýski Íslendingur flutti athyglisverða ræðu um helsti kosti íslensks samfélags, samheldni og umburðarlyndi. Ef til vill var hann óbeint með því að lýsa áhyggjum af þróuninni síðustu ára ,sem gengur nokkuð á annað veg. Elísabet Samúelsdóttir var fjallkonan og fór með ljóð eftir Ísfirðinginn Ólínu Þorsteinsdóttur (1880 – 1962). Svo skemmtilega vildi til ljóðið Ísafjörður, sem kórinn söng að venju, er eftir eiginmann Ólínu, Guðmund skólaskáld Guðmundsson (1874-1919), sem lést langt fyrir aldur fram úr spænsku veikinni. Gengið var fylktu liði að Neðstakaupstað þar sem skemmtidagskráin fór fram.



Þorsteinn Traustason, Jóna Símonía Bjarnadóttir og Guðfinna Hreiðarsdóttir. Guðfinna klæðist búningi sem er að hluta til , svuntan og skyrtan,frá Líneik Árnadóttur í Ögri.

Þú getur stólað á okkur

Íslensk hágæða framleiðsla

Eldhústóll

Eldhústólinn sígildi fæst í mörgum litum. Hægt er að fá grindina krómaða eða litaða og áklæði er til í fjölbreyttu litaúrvali.
Góð hönnun stenst tímans tönn og er sívinsæl.

Verð 29.900 kr.

Hönnun:
Pétur B. Lúthersson

Stacco

Stacco er staflanlegur fjölnota stóll sem hentar við öll tækifæri. Auðvelt er að flytja hann milli rýma á þartilgerðum vögnum sem Stáliðjan framleiðir. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.

Verð 35.600 kr.

Hönnun:
Pétur B. Lúthersson

Lúdó

Lúdo er þægilegur og meðfærilegur og hentar jafnt við eldhúsborðið heima og á vinnustað. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.

Verð 28.900 kr.

Rondó

Þægilegur og léttur stóll við kaffiborðið eða eldhúsborðið. Hann hentar vel í eldhúsið heima hjá þér og jafnframt í fundarherbergið á vinnustaðnum. Rondó er með standard setu og grindin er úr krómi. Fjölbreytt litaúrval.

Verð 27.900 kr.

Eldhúsborð

Með föstum T-fótum úr krómi. Við bjóðum upp á borðplötur í nokkrum litum.

Borðplata
Verð 18.375 kr.

T borðfætur undir borð
Verð 24.125 kr.
(parið)

Samtals Verð 42.500 kr.

Vönduð íslensk framleiðsla síðan 1959. Stáliðjan er gamalgróið íslenskt fyrirtæki sem framleiðir vandaða vöru fyrir heimilið og vinnustaðinn.

STÁLIÐJAN
Stálhúsgögn og alhliða stálsmíði

Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - www.stalidjan.is

BALDUR SMÁRI FÉKK 21 ÚTSTRIKUN

Listakosningar voru í 5 sveitarfélögum á Vestfjörðum. Litlar breytingar urðu á fylgi framboða nema í Vesturbyggð þar sem Ný Sýn fékk meirihuta atkvæða en sjálfkjörið var þar síðast og Sjálfstæðisflokkurinn og óháðir hafði þá fengið alla 7 bæjarfulltrúana. Nokkuð var um útstrikanir en þær breyttu ekki niðurstöðunni. Á N lista Nýrra sýnar fékk María Óskarsdóttir 20 útstrikanir og Iða Marsibil Jónsdóttir 6 útstrikanir. Á D listanum voru fimm frambjóðendur strikaðir út. Flestar útstrikanir fékk Magnús Jónsson eða 12. Gísli Ægir Ágústsson fékk 7 útstrikanir og Ásgeir Sveinsson fimm. Guðrún Eggertsdóttir var fjórum sinnum strikuð út og Friðbjörg Matthíasdóttir fékk 3.

Í Bolungavík Fékk D listinn áfram meirihluta og fjóra bæjarfulltrúa en missti 8% atkvæða. Baldur Smári Einarsson var oftast strikaður út eða á 21 kjörseðli. Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir fékk 7 útstrikanir. K Listi Máttur meyja og manna fékk sama atkvæðamagn og fyrir fjórum árum og 3 bæjarfulltrúa. Guðrún Stella Gissurardóttir fékk 4 útstrikanir og Gunnar Hallsson var tvisvar strikaður út. Þriðji listinn fékk 8% atkvæða. Þar var Nikólína Beck Þorvaldsdóttir með 2 útstrikanir.

Í Súðavík fékk Hreppslistinn meirihluta og 3 hreppsnefndarmenn eins og síðast og Víkurlistinn fékk 2 fulltrúa. Á Hreppslistanum voru nokkrar útstrikanir. Samúel Kristjánsson og Ásgeir Hólm Agnarsson fengu 8 útstrikanir hvor um sig, Guðbjörg Bergmundsdóttir 3 útstrikanir og Ragnheiður Baldursdóttir 2 útstrikanir. Á Víkurlistanum fékk Elsa Guðbjörg Borgarsdóttir 2 útstrikanir.

Á Ísafirði bætti Framsóknarflokkurinn við sig um 8% atkvæða og einum bæjarfulltrúa og svipaður fjöldi atkvæða sem Björt framtíð hafði fengið 2014 féll niður, að öðru leyti varð fylgi framboðanna nánast það sama og síðast. Í listinn missti meirihlutann þar sem 5. bæjarfulltrúinn féll. Arna Lára Jónsdóttir á Í lista var strikuð út af 14 seðlum, Nanný Arna Guðmundsdóttir fékk 3 útstrikanir, Sigurður Jón Hreinsson tvær og Þórir Guðmundsson fjórar. Daníel Jakobsson D –lista fékk 20 útstrikanir og Sif Huld Albertsdóttir 15 útstrikanir. Marzellíus Sveinbjörnsson (B listi) fékk 9 útstrikanir og Kristján Þór Kristjánsson tvær.

Í Tálknafirði fékk Ó listi 96 atkvæði og fjóra hreppsnefndarmenn og E listi áhugafólks um eflingu samfélagsins fékk 47 atkvæði og 1 mann kjörinn. Þar munaði aðeins ½ atkvæði á 2. manni E lista og 4. manni Ó lista. Fyrir fjórum árum var ekki listakosning í Tálknafirði.

RÚV neitar að birta Gallupkönnun

Ríkisútvarpið neitar að birta niðurstöður Gallupkönnunar um viðhorf Vestfirðinga til vegagerðar í Gufudalssveit sem liggur að hluta til í jarðri Teigsskógs. Þetta kemur fram í svari Sigríðar Hagalín Björnsdóttur, varafréttastjóra Ríkisútvarpsins. Guðmundur Halldórsson, skipstjóri í Bolungavík lét gera, á eigin kostnað, vandaða skoðanakönnun sem Gallup framkvæmdi. Greint var frá niðurstöðum könnunarinnar hér í blaðinu þann 24. maí sl. Könnunin var framkvæmd dagana 7. – 21. maí og úrtakið vaor 1102 einstaklingar í



úrtakshópi Gallup úr póstnúmerunum 38- 512. Nærri 90% svarenda voru fylgjandi tillögu Vegagerðarinnar um veglínuna, svonefndrar Þ-H leið.

Athygli hefur vakið að Ríkisútvarpið hefur ekki birt frétt um könnunina og var því leitað skýringa á því. Í svari Sigríðar Hagalín kemur fram að RÚV hafi þá stefnu að birta ekki kannanir sme gerðar eru fyrir einstaklinga eða hagsmunahópa þar sem tilgangurinn sé að hafa áhrif á almenning.

Svarið í heild var svohljóðandi:

„Fréttastofa RÚV fær upplýsingar um margar kannanir sem keyptar eru af einstaklingum eða hagsmunahópum um tiltekna, umdeilda málaflokka. Við höfum almennt tekið þá afstöðu að birta ekki niðurstöður slíkra kannana, vegna þess að í mörgum tilvikum er tilgangur þeirra að hafa áhrif á umræðu og afstöðu almennings til viðkomandi málaflokks. Auðvitað er það ekki algilt, og þess eru vafalaust dæmi að við höfum breytt út af þessari venju. Almenna reglan er að birta aðeins niðurstöður þeirra kannana sem rannsóknarfyrirtækin gera sjálf, og í sumum tilvikum þær sem aðrir fjölmiðlar hafa látið gera. Það er þó alls ekki algilt og fer eftir fréttnæmi niðurstaðnana, og yfirleitt eru einu kannanirnar sem við birtum undantekningarlaust þær sem eru gerðar fyrir okkur sjálf, og niðurstöður Þjóðarpúls Gallups, sem við höfum forgang að.

Ég vona að þetta svari að einhverju leyti spurningum þínum.“

Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

- mikið úrval aukahluta

Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.

Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn

Innbyggð geymsluhólf


Innfelldar krækjur

Fjöldi botnstífa

Aðeins 12° halli

Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.

MotorMax

Motormax ehf.
Vatnagarðar 12
Sími: 545 4040

Söluaðilar Motormax:

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

VESTFIRÐIR

3.400 eintök á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum

9. tölublað
7. árgangur

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Níu einstaklingar hagnast um 3.665 milljónir króna í sjávarútvegi

Kristján Loftsson, Reykjavík greiddi á síðasta ári 273 milljónir króna í fjármagnstekjuskatt. Það þýðir að skattstofninn hefur verið 1.365 mkr. Til ráðstöfunar eftir skatt hefur Kristján því haft 1.092 milljónir króna. Kristján Vilhelmsson, Akureyri greiddi samkvæmt skattskránni sem liggur frammi 132 milljónir króna og frændi hans Þorsteinn Már Baldvinsson tæpar 87 milljónir króna.

Bræðurnir Jón Þorgeir Einarsson og Guðmundur Einarsson í Bolungavík greiddi samtals 144 milljónir króna. Ingimar Karlsson, Akureyri ber 41,2 milljónir króna í fjármagnstekjuskatt. Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri á Sauðárkróki greiddi 19,1 milljón króna. Sigríður Laufey Sigurðardóttir, Ísafirði 17,5 milljónir króna og Jón Guðbjartsson, Bolungavík greiddi 19,3 milljónir króna.

Samtals greiða þessir 9 einstaklingar 733 milljónir króna í fjármagnstekjuskatt á síðasta ári. Skattstofninn hefur því verið 3.665 milljónir króna. Til ráðstöfunar eftir skattgreiðslur eru 2.932 milljónir króna hjá þessum 9 einstaklingum. Umræddar tekjur eru augljóslega að mestu komnar vegna hagnaðar í sjávarútvegi, trúlega söluhagnaðar af sölu á hlutabréfum.

Ekki eru allir að flá feitan gölt í sjávarútveginum. Athygli vekur að stærsti eigandi að Jakob Valgeir ehf í Bolungavík og fleiri fyrirtækjum, Björg Hildur Daðadóttir greiðir engan fjármagnstekjuskatt og reyndar engan tekjuskatt né heldur neitt í útsvar.

Íbúfen®

– Bólgueyðandi og verkjastillandi

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Íbúfen 400 mg, filmuhúðuð tafla inniheldur 400 mg af íbúprófeni. Íbúfen tilheyrir flokki lyfja sem kölluð eru NSAID lyf (bólgueyðandi lyf sem ekki eru sterar). Lyfið er notað við vægum til meðalmiklum verkjum eins og höfuðverk, einnig mígreni höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum, hita og ýmsum gigtarsjúkdómum s.s. liðbólgusjúkdómum (t.d. iktsýki þ.m.t. barnaiktsýki), hrörnun í liðum (t.d. slitgigt), vefjagigt, öðrum liða- og vöðvasjúkdómum og meiðslum á mjúkvefjum. Takið töflurnar með glasi af vatni með eða eftir mat. Til að auðvelda inntöku eða til að stilla skammta má skipta töflunum í tvo jafna hluta. Ekki skal gefa börnum yngri en 12 ára Íbúfen 400 mg filmuhúðaðar töflur. Hámarksdagskammtur á ekki að fara yfir 3 töflur (1200 mg). Fullorðnir skulu ekki taka Íbúfen í meira en 7 daga án samráðs við lækni. Unglingar skulu ekki taka Íbúfen í meira en 3 daga án samráðs við lækni. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**

Actavis

FYRIR OKKUR

Sérvalið fyrir íslenskar aðstæður.
Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is

VILTU AUGLÝSA Í BLAÐINU VESTFIRÐIR?

Auglýsingasíminn er 578 1190